

Alþingi
Erindi nr. P 137/389
komudagur 24.6.2009

**Til félags- og tryggingamálanefndar alþingis.
B/t Lilju Mósesdóttur formanns.**

Reykjavík 24. júní 2009

**Aðgerðarhópur háttvirtra örykja, fordæmir þá harkalegu
aðför að örykjum og tekjugrunni þeirra sem nú er til
umfjöllunar hjá ríkisstjórninni.**

**Öryrkjar tóku á sig 10% lækkun á bótum í janúar
síðastliðnum og nú á að höggva í sama knérunn með
sérstökum lágtekjuskatti sem bitnar harðar á örykjum en
t.d hátekjuskattur og furða öryrkjar sig á hversu hátt
viðmið er miðaða við, eða 700.000 kr. mánaðarlaun.
Þetta þykir okkur ósanngjarnt og siðlaust!**

**Einnig mótmælum við því siðleysi sem felst í því, að
ætlunin virðist vera að þessi skerðing taki gildi strax, eða
þann 1. júlí næstkomandi, eða með 10 daga fyrirvara.**

**Engri stétt þjóðfélagsins væri boðið upp á slík
vinnubrögð. Við hvetjum þingmenn til að taka á sig
sambærilega lækkun og láta þá lækkun koma til
framkvæmdar, eigi síðar en 1. júlí 2009.**

**Þá vill aðgerðarhópur háttvirtra örykja einnig mótmæla
fyrirhuguðum niðurskurði á grunnþjónustu fatlaðra
einstaklinga. Við trúum því ekki að þetta sé leiðin til að
ná fram auknum sparnaði í ríkiskerfinu. Við fordæmum
harðlega, þessar löglegu en siðleysu aðgerðir.**

VIÐ KREFJUMST RÉTTLÆTIS!

Fyrir hönd Aðgerðarhóps Háttvirtra Örykja,

Ólafía Ragnarsdóttir, hæðstvirtur formaður.
Helga Björk Magn. Grétudóttir, varaformaður.
Birna Björg Gunnarsdóttir, gjaldkeri.